

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en leyfi er afturkallað skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.
- b. 3. másl. 4. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en útibú er útilokað frá aðild að sjóðnum skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*